

9. Þrjá menn í byggðasafnsnefnd og þrjá til vara.
10. Fimm menn í stjórn Dalbæjar og fimm til vara.
11. Þrjá menn á Fjórðungsping Norðlendinga, skv. lögum Fjórðungssambands Norðlendinga og þrjá til vara.
12. Einn mann á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn til vara.
13. Einn mann á aðalfund Brunabótafélags Íslands og einn til vara.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 8 18. apríl 1986 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. júlí 1986.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmála Vestmannaeyjabæjar nr. 536 31. ágúst 1982 með síðari breytingum.

1. gr.

24. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Á fundi bæjarstjórnar í júní ár hvert, skal kjósa þrjá menn í bæjarráð og þrjá menn til vara, hlutfallskosningu. Kosning bæjarráðs gildir uns nýtt bæjarráð hefur verið kjörið. Flokkur, sem býður fram sjálfstæðan lista og á fulltrúa í bæjarstjórn, en ekki í bæjarráði, má tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt. Þeir skulu fá sömu þóknun fyrir fundarsetu og kjörnir fulltrúar í bæjarráði. Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs. Bæjarráð kys formann og má kjósa bæjarstjóra, þótt ekki sé hann kjörinn í ráðið.

Bæjarráð skal halda fundi í viku hverri og ákveður bæjarráð vikudag. Heimilt er að fækka fundum bæjarráðs í júlí og ágúst. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri ákveður það eða ef tveir bæjarráðsmenn óska þess skriflega.

Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðs. Bæjarráð getur ráðið fundarritara utan bæjarráðs. Í gerðabók skal greina frá því hvar fundur er haldinn og hvenær, tölu fundar, hverjir sitja fundinn og hver sé fundarritari. Þá skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því, sem þau geta átt við.

2. gr.

36. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Bæjarstjórn kys hlutfallskosningu eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin mál eftir því, sem lög mæla fyrir og samkvæmt sérstakri samþykkt bæjarstjórnar í júní ár hvert:

A. Til eins árs:

1. Atvinnumálanefnd: Fimm aðalmenn og fimm til vara.
2. Félagsmálaráð: Fimm aðalmenn og fimm til vara.
3. Landnytjanefnd: Þrír aðalmenn og þrír til vara.
4. Menningamálanefnd: Fimm aðalmenn og fimm til vara.

5. Samninganefnd: Tveir aðalmenn og tveir til vara.
 6. Skólanefnd framhaldsskóla: Fimm aðalmenn og fimm til vara.
 7. Stjórn Sparisjóðs Vestmannaeyja: Tveir aðalmenn, tveir til vara.
 8. Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyja: Einn aðalmaður, einn til vara.
 9. Stjórn veitustofnana: Fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
 10. Tótmundaráð: Fimm aðalmenn og fimm til vara.
 11. Kjörstjórn við bæjarstjórnarkosningar:
 - a) Undirkjörstjórn: Þrír aðalmenn og þrír til vara.
 - b) Kjördeildir: Þrír aðalmenn í hverja kjördeild, þrír til vara.
 12. Kjörstjórnir við Alþingis- og forsetakosningar:
 - a) Undirkjörstjórn: Þrír aðalmenn og þrír til vara.
 - b) Kjördeildir: Þrír aðalmenn í hverja kjördeild, þrír til vara.
 13. Umferðarnefnd: Þrír aðalmenn og þrír til vara.
 14. Brunavarnanefnd: Fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
 15. Heilbrigðis- og umhverfisverndarnefnd: Fimm aðalmenn, fimm til vara.
 16. Stjórn Íþróttamiðstöðvar: Þrír aðalmenn og þrír til vara.
 17. Stjórn sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar: Þrír aðalmenn, þrír til vara.
- B. Til fjögurra ára:
1. Bygginganefnd: Fimm aðalmenn og fimm til vara.
 2. Hafnarstjórn: Fimm aðalmenn og fimm til vara.
 3. Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands: Einn aðalmaður og einn til vara.
 4. Skólanefnd grunnskóla: Fimm aðalmenn og fimm til vara.
 5. Stjórn sjúkrasamlags: Fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
 6. Áfengisvarnanefnd: Sex aðalmenn.
 7. Stjórn verkamannabústaða í Vestmannaeyjum: Þrír aðalmenn og þrír til vara.
 8. Húsaleigunefnd: Þrír aðalmenn og þrír til vara.
 9. Samband ísl. sveitarfélaga: Þrír aðalmenn og þrír til vara.
- C. Skoðunarmenn til eins árs:
1. Tveir skoðunarmenn reikninga bæjarsjóðs og stofnana og tveir til vara.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 8 18. apríl 1986 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júlí 1986.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðalaga nr. 40, 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Háteigsvegur verði aðalbraut, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Rauðarárstíg og Lönguhlíð.
2. Umferð um Skaftahlíð víki fyrir umferð um Bólstaðarhlíð með biðskyldu.